

Vísitölur Kviku eignastýringar

Vísitölusjóðir

1. Hvað er vísitala?

Vísitala mælir árangur eða ávöxtun ákveðinna undirliggjandi eigna. Hlutabréfavísitölur eru til að mynda mjög algengar, svo sem S&P 500 í Bandaríkjunum og OMXI10 á Íslandi.

2. Hvað mæla vísitölur Kviku eignastýringar?

Vísitölur Kviku eignastýringar eru tíu talsins og sýna heildarávöxtun á íslenskum verðbréfamarkaði. Vísitölurnar ná yfir hlutabréf, ríkisskuldabréf og skuldabréf fyrirtækja og opinberra aðila sem skráð eru í NASDAQ OMX Iceland, eða íslensku kauphöllina.

3. Hver er tilgangur vísitalna Kviku eignastýringar?

Tilgangur vísitalna Kviku eignastýringar er helst þrjúþættur:

- **Endurspeglar þróun á mörkuðum:** Að jafnaði eru vísitölur á verðbréfamörkuðum notaðar til að varpa ljósi á almenna þróun markaðar yfir tíma. Í daglegu máli, þegar talað er um að „markaðurinn“ sé að hækka eða lækka, er því gjarnan átt við vísitölu sem notuð er sem fulltrúi markaðarins.
- **Fjárfestingarviðmið:** Vísitölur geta verið einskonar hlutlaust mat á þeirri ávöxtun sem fjárfestir getur vænst með því að fjárfesta á þeim markaði sem vísitalan mælir. Þannig má meta frammistöðu sjóða sem standa fjárfestum til boða á markaði og meta hvort að virk stýring sjóðstjóra skili umframávöxtun sem standi undir þóknun sjóðsins.
- **Vísitölusjóður:** Í því tilviki fylgir sjóður ákveðinni vísitölu með því að fjárfesta í sömu hlutföllum og samsetning vísitölnunnar segir til um.

4. Hvað er vísitölusjóður?

Vísitölusjóður hefur það markmið að fylgja eftir skilgreindri vísitölu. Það er gert með því að fjárfesta í eignum sjóðsins í samræmi við samsetningu vísitölnunnar. Fjárfestingarstefna vísitölusjóðs er því vel skilgreind, gagnsæ og opinber.

5. Af hverju að fjárfesta í vísitölusjóði?

Mikið hægræði er að fjárfesta í sjóði með fyrir fram þekktri fjárfestingarstefnu sem sjálfkrafa endurfjárfestir vaxtagreiðslur og afborganir. Rökin fyrir fjárfestingu í vísitölusjóði eiga sér rætur í fjármálahagfræði, til dæmis að:

- Til lengri tíma litið er meðalfjárfestirinn með ávöxtun til jafns við markaðinn áður en tekið er tillit til kostnaðar, þess vegna er rökréttast að minnka sem mest viðskiptakostnað.
- Samkvæmt kenningunni um skilvirka markaði er ekki hægt að „sigrar markaðinn“ samfelld til lengri tíma litið.

6. Hvaða vísitölusjóðir eru í boði hjá Kviku eignastýringu?

Við bjóðum upp á tvo vísitölusjóði, ríkisskuldabréfavísitölusjóð og hlutabréfavísitölusjóð. Vísitölusjóðurinn Kvika – Ríkisskuldabréfavísitala fjárfestir eftir Ríkisskuldabréfavísitölu

Kviku eignastýringar (KVIKAGOVI). Kvika – Hlutabréfavísitala er vísitölusjóður sem fjárfestir eftir Hlutabréfavísitölunni KVIKAeqcap (KVIKAeqcap).

7. Hvað kostar að fjárfesta í vísitölusjóðum Kviku eignastýringar?

Ríkisskuldabréfasjóður Kviku eignastýringar: Kostnaði við Ríkisskuldabréfasjóð Kviku eignastýringar er haldið í lágmarki og er árleg umsýsluþóknun 0,45%. Enginn munur er á kaup- og sölugengi, engin upphafsþóknun og engin sölubóknun.

Hlutabréfasjóður Kviku eignastýringar: Kostnaði við Hlutabréfasjóð Kviku eignastýringar er haldið í lágmarki og er árleg umsýsluþóknun 0,5%. Munur á kaup- og sölugengi er 1,5% en engin upphafs- og sölubóknun er til staðar.

8. Af hverju er kostnaður vísitölusjóða lágur?

Kostnaður við vísitölusjóði er yfirleitt lágur. Tími við sjóðstjórn og greiningar er lágmarkaður þar sem fjárfest er í samræmi við opinbera vísitölu. Einnig eru hreyfingar, þ.e. kaup og sala, verðbréfa í sjóðnum lágmarkaðar sem minnkar mjög viðskiptakostnað sjóðsins svo sem mun á kaup- og sölugengi og þóknunir til miðlara.

9. Fyrir hverja henta vísitölusjóðir Kviku eignastýringar?

Vísitölusjóðir Kviku eignastýringar hentar viðskiptavinum sem vilja langtímafjárfestingu í ríkistrygðum skuldabréfum eða hlutabréfum með lágmarkskostnaði. Fjárfestingarstefna sjóðanna er gagnsæ þar sem stefnan er hlutlaus og eignasafn sjóðsins er endurstíllt í samræmi við hlutfallsvigtir viðmiðunarvísitölunnar, Ríkisskuldabréfavísitala Kviku eignastýringar (KVIKAGOVI) og Hlutabréfavísitalan KVIKAeqcap (KVIKAeqcap).

10. Eru vísitölusjóðir áhættulausir?

Nei, vísitölusjóðir eru ekki áhættulausir og gengi þeirra getur hækkað og lækkað þar sem gengi hluta- eða skuldabréfanna í sjóðnum breytist. Fjárfestar í vísitölusjóði ættu að kynna sér samsetningu vísitölunnar til að átta sig á undirliggjandi fjárfestingu. Í vísitölusjóði er þó áhætta utan markaðsáhættu lágmarkuð þar sem stýring eigna er hlutlaust og fjárfest í samræmi við markaðssafnið.

Fyrirvari:

Ávöxtunartölur sjóða Kviku eignastýringar eru fengnar frá Kviku eignastýringu hf. Nánari upplýsingar um vísitölur Kviku eignastýringar og söguleg gögn má finna á heimasíðu Kviku eignastýringar <http://www.kvikaegnistyring.is/visitolur>. Birting ofangreindra upplýsinga er heimil gegn því að heimildar sé getið. Vísitölur Kviku eignastýringar eru reiknaðar af Kviku banka hf. og birtar af Kviku eignastýringu hf., sérhæfðu fjármála fyrirtæki með starfsleyfi frá FME sem tekur til reksturs verðbréfasjóða og fjárfestingarráðgjafar. Allar upplýsingar sem veittar eru hér að ofan eru settar fram með fyrirvara um villur. Kvika eignastýring hf. ber ekki ábyrgð á villum sem vera kunna í tölvupósti þessum eða á tjóni, beinu eða óbeinu, sem kann að leiða af slíkum villum. Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna Kviku eignastýringar hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra, t.d. varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum Kviku eignastýringar hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.